

2. 1 000 króna peningur úr silfri (925/1000), 39 mm að þvermáli og 30 grömm að þyngd. Á framhlið peningsins eru tveir landnámsmenn við eld, sem sýnir, hversu karlmenn námu land. Efst eru ártölin 874—1974.
 3. 500 króna peningur úr silfri (925/1000), 35 mm að þvermáli og 20 grömm að þyngd. Á framhlið peningsins sést kona leiða kvígu og er þar sýnt, hversu konur námu land. Efst eru ártölin 874—1974.
- Á bakhlið peninganna allra eru landvættirnar fjórar, griðungur, gammur, dreki og bergrisi. Þar fyrir ofan er skráð verðgildi peninganna í tölustöfum og bókstöfum, en fyrir neðan „ÍSLAND“. Rönd peninganna er riffluð.
- Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 29. janúar 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum árið 1974.

1. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 15. maí 1974, eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu, samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

Á tímabilinu 15. maí til 15. ágúst eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.